

42. AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HÓTEL BORGARNESI, BORGARBYGGÐ
30. SEPTEMBER -1. OKTÓBER 2011



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi



EFNISYFIRLIT

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR 2011	3
Fulltrúar og gestir á aðalfundi SSV.....	5
Fundarsetning.....	6
Skýrslur	7
Skýrsla stjórnar	7
Skýrsla framkvæmdastjóra	12
Málefni fatlaðra.....	13
verkefnaflutningur til sveitarfélaganna	13
Safnliðir á fjárlögum	13
Ávörp gesta	15
Karl Björnsson	15
Jón Bjarnason, sjávar- og landbúnaðarráðherra	16
Guðbjartur Hannesson, ráðherra velferðarmála.....	17
Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innanríkisráðuneytinu	19
Umhverfissvöktun fyrirtækja á Vesturlandi.....	20
Efling sveitarstjórnarstigsins –	21
staða og framtíðarsýn verkefnisins	21
Almenningssamgöngur.....	22
Sóknaráætlun	24
Afgreiðsla ályktana.....	24
Samgöngunefnd	24
Sveitarstjórna og byggðanefnd	24
Fjárhagsnefnd	25
Fylgiskjal 1 - Ályktanir aðalfundar SSV árið 2011	26
Sveitarstjórna- og byggðanefnd.....	27
Samgöngumál	30
Fjárhagsnefnd	32
Stjórn og nefndir SSV (Óbreytt frá fyrra ári)	33
Fylgiskjal 2 - Fjárhagsáætlun SSV fyrir árið 2012.....	34
Fylgiskjal 3 - Ársreikningur SSV árið 2010.....	35



DAGSKRÁ AÐALFUNDAR 2011

Haldinn á Hótel Borgarnesi dagana 30. sept. og 1. okt. 2011.

- 10:00 Fundarsetning: Sveinn Kristinsson, formaður SSV**
Kosning fundarstjóra, fundarritara og starfsnefnda (Kjörbréfanefnd, kjörnefnd, fjárhagsnefnd, samgöngunefnd og sveitarstjórnar- og byggðanefnd.)
Skýrsla stjórnar og starfsemi SSV starfsárið 2009-2010
Sveinn Kristinsson, formaður SSV
Reikningar og fjárhagsáætlun SSV 2010 og 2011
Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV
Umræður og fyrirspurnir
- 11:15 Málefni fatlaðra – verkefnaflutningur til sveitarfélaganna.**
Helga Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu Akraneskaupstaðar og formaður þjónusturáðs
- 11: 40 Safnliðir á fjárlögum**
Oddný Harðardóttir, formaður fjárlaganefndar
- 12:00 Hádegisverðarhlé**
- 12:45 Nefndir koma saman**
- 13:10 Ávörp gesta.**
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga
Umræður og fyrirspurnir
- 13:35 Jón Bjarnason, sjávar- og landbúnaðarráðherra**
Umræður og fyrirspurnir
- 13:50 Guðbjartur Hannesson, ráðherra velferðarmála**
Umræður og fyrirspurnir
- 14:05 Ávarp Innanríkisráðuneytis**
Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri
- 14:15 Umhverfisvöktun fyrirtækja á Vesturlandi.**
Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Umræður og fyrirspurnir
- 14:35 Efling sveitarstjórnarstigsins – staða og framtíðarsýn verkefnisins**
Sveinn Kristinsson, formaður SSV og Vífill Karlsson, hagfræðingur SSV
Umræður og fyrirspurnir
- 15:10 Kaffihlé**
- 15:40 Almenningsamgöngur**
Ólafur Sveinsson, forstöðumaður atvinnuráðgjafar
Smári Ólafsson, samgönguverkfræðingur og ráðgjafi VSÓ
Umræður og fyrirspurnir
- 16:35 Vinna í nefndum**
- 18:00 Móttaka í Fíflholtum, í boði Sorpurðunar Vesturlands hf.**
Gæti þurft að klæða sig vel.
- 20:00 Kvöldverður á Hótel Borgarnesi.**



Laugardagurinn 1. október 2011

10:00 Áframhaldandi nefndastörf

11:00 Sóknaráætlun

Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur í forsætisráðuneytinu
Páll Brynjarsson, bæjarstjóri Borgarbyggðar

12:10 Framhald nefndastarfa og hádegishressing

12:30 Afgreiðsla ályktana

13:30 FUNDARSLIT



FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI SSV

Akranes

Árni Múli Jónasson, bærarstjóri
Einar Benediktsson, bærarfulltrúi
Guðmundur Páll Jónsson, formaður bæjarráðs.
Gunnar Sigurðsson, bærarfulltrúi og stjórn SSV
Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari
Sveinn Kristinsson, forseti bærarstjórnar og
formaður SSV
Próstur Þór Ólafsson, bærarfulltrúi

Borgarbyggð

Bjarki Þorsteinsson, formaður byggðaráðs og stjórn
SSV
Geirlaug Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri
Ragnar Frank Kristjánsson, forseti sveitarstjórnar
Sigríður G. Bjarnadóttir, fulltrúi sveitarstjórnar og
stjórn SSV

Dalabyggð

Hjalti Viðarsson fulltrúi sveitarstjórnar
Ingveldur Guðmundsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Halla Steinólfsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar og
áheyrnarfulltrúi í stjórn SSV
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar

Eyja- og Miklaholtshreppur

Guðbjartur Gunnarsson, oddviti

Grundarfjarðarbær

Ásthildur E. Erlingsdóttir, bærarfulltrúi
Björn Steinar Pálmason, bærarstjóri
Eybór Garðarsson, bærarfulltrúi
Gísli Ólafsson, form. bæjarráðs
Þórður Guðmundsson, bærarfulltrúi

Helgafellssveit

Hvalfjarðarsveit

Ása Helgadóttir, fulltrúi í sveitarstjórn
Hallfreður Vilhjálmsson, fulltrúi í sveitarstjórn og
stjórn SSV
Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri

Skorradalshreppur

Davíð Pétursson, oddviti

Snæfellsbær

Kristín Björg Árnadóttir, bærarfulltrúi
Kristinn Jónasson, bærarstjóri

Kristjana Hermannsdóttir, bærarfulltr. og stjórn SSV
Kristján Þórðarson, bærarfulltrúi
Rögvaldur Ólafsson, bærarfulltrúi

Stykkishólmsbær

Berglind Axelsdóttir, bærarfulltrúi
Davíð Sveinsson, bærarfulltrúi
Gyða Steinsdóttir, bærarstjóri
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, bærarfulltrúi
Þór Örn Jónsson, bæjarritari í Stykkishólmi

Aðrir gestir

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV
Aðalsteinn Þorsteinsson, Byggðastofnun
Ásbjörn Óttarsson, alþingismaður
Bjarni Jónsson, formaður SSVN
Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður
Elín Pálsdóttir, Jöfnunarsjóður
Elísabet Haraldsdóttir, menningarfulltrúi
Guðbjartur Hannesson, ráðherra og alþingismaður
Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri, Samband ísl.
sveitarfélaga
Guðmundur Steingrímsson, alþingismaður
Helga Gunnarsdóttir, formaður þjónustaráðs um
málefni fatlaðra á Vesturlandi.
Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðis-
eftirlits Vesturlands.
Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur í
forsætisráðuneyti.
Jón Bjarnason, ráðherra og alþingismaður
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands
Íslenskra sveitarfélaga
Oddný G. Harðardóttir, formaður fjárlaganefndar
Ólína Þorvarðardóttir, alþingismaður
Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri IRR
Silja Eyrún Steingrímisdóttir, starfsnemi hjá
Borgarbyggð
Smári Ólafsson, samgönguverkfræðingur hjá VSÓ
Stefanía Traustadóttir, sérfræðingur í IRR

Starfsmenn SSV

Anna Steinsen
Einar Þ. Eyjólfsson
Hrefna Bryndís Jónsdóttir
Margrét Björk Björnsdóttir
Ólafur Sveinsson
Torfi Jóhannesson
Vífill Karlsson



FUNDARSETNING

Sveinn Kristinsson setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann kynnti eftirfarandi tillögur stjórnar um fundarstjóra og fundarritara og voru þær samþykktar. Sigríður G. Bjarnadóttir tók við fundarstjórn og kynnti tillögur um aðra embættismenn fundarins sem voru samþykktar.

Fundarstjórar: Ragnar Frank Kristjánsson
Sigríður G. Bjarnadóttir

Fundarritarar: Anna Steinsen
Margrét Björk Björnsdóttir

Kjörbréfanefnd: Árni Múli Jónasson
Geirlaug Jóhannsdóttir
Kristján Þórðarson

Kjörnefnd: Kristinn Jónasson
Halla Steinólfsdóttir

Fjárhagsnefnd: Páll Brynjarsson
Björn Steinar Pálmason
Einar Benediktsson

Samgöngunefnd: Davíð Pétursson
Ása Helgadóttir
Ragnar Frank Kristjánsson

Sveitarstjórnar- og byggðanefnd:
Guðmundur Páll Jónsson
B. Bjarki Þorsteinsson
Gyða Steinsdóttir

Þeim fundarmönnum sem ekki eru taldir hér upp er frjálst að starfa í þeim nefndum sem þeir kjósa.



SKÝRSLUR

Eftirfarandi skýrslur voru fluttar:

Skýrsla stjórnar og starfssemi SSV 2010-2011. Sveinn Kristinsson, formaður SSV.

Reikningar og fjárhagsáætlun SSV 2009-2010. Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ágætu sveitarstjórnarmenn og góðir gestir,

Ég mun í skýrslu minni hér á eftir gera grein fyrir helstu verkefnum stjórnar SSV og skrifstofu SSV á liðnu starfsári. Að sjálfsögðu er margt með svipuðu sniði og verið hefur, en verkefni og áherslur breytast. Enn erum við að glíma við afleiðingar hrunsins 2008 þó margt horfi til betri vegar. Mörgum finnst þó að hægt gangi.

Ég ætla að byrja á því að rifja upp hverjir hafa setið með mér í stjórninni undanfarið ár. Stjórn SSV á starfsárinu 2010-2011:

Aðalmenn

Björn Bjarki Þorsteinsson
Gunnar Sigurðsson
Hallfreður Vilhjálmsson
Kristjana Hermannsdóttir
Sigríður Bjarnadóttir
Sigurborg Kr. Hannesdóttir
Sveinn Kristinsson

Varamenn

Ragnar Frank Kristjánsson
Einar Brandsson
Halla Steinólfsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Jóhannes Stefánsson
Lárus Á. Hannesson
Einar Benediktsson

Fyrst ber þess að geta að stjórnin hélt 6 fundi á starfsárinu. Þar að auki átti SSV aðild að öðrum fundum um áhugaverð efni. Ber þar að nefna fundi um eflingu sveitarstjórnarstigsins og sóknarætlun fyrir landshlutasamtökin. Einnig sótti starfsfólk skrifstofunnar fundi um þau verkefni sem ríkisvaldið leggur áherslu á um þessar mundir og fjallað verður um þessari skýrslu og öðrum erindum í dag og á morgun.

Hér á eftir er yfirlit yfir helstu verkefni SSV á árinu.

Málefni fatlaðra

Í ársbyrjun 2011 fluttist þjónusta við fatlaða til sveitarfélaganna. Áður en til þessa flutnings kom hafði farið fram vandaður undirbúningur og var m.a. fjallað um málið á síðasta aðal-

fundi SSV. Lögð var til grundvallar fjárhagsáætlun Svæðisskrifstofu Vesturlands fyrir árið 2011, en samkvæmt beiðni ráðuneytis félagsmála var hún unnin upp úr rauntölum ársins 2010. Varð niðurstaðan sú að Vesturlandi er skipt í þrjú þjónustusvæði, Akranes og Hvalfjarðarsveit, Borgarfjörð og Dali og Snæfellsnes. Ber SSV formlega ábyrgð á mála-flokknum og framkvæmd hans. Þriggja manna þjónusturáð fer hins vegar fyrir mála-flokknum, sér um stjórnina og skipulagið. Helga Gunnarsdóttir formaður þjónusturáðsins mun hér á fundinum segja ykkur nánar frá því hvernig til hefur tekist. Mér finnst þó ljóst að vel hafi verið staðið að yfirfærslu málaflöksins og öll sveitarfélögin hafi lagt sig fram um að veita vandaða og öfluga þjónustu til þeirra sem eiga rétt á henni.

Menningarsamningur

Fyrsti menningarsamningur fyrir Vesturland var undirritaður haustið 2005. Samningurinn hefur síðan verið endurnýjaður þrisvar og var sá síðasti undirritaður við hátíðlega athöfn í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu 15. apríl í vor og gildir hann til ársloka 2013. Hann mun sem fyrr hafa jákvæð og eflandi áhrif á menningarlíf á svæðinu, stuðla að frumkvæði og fjölbreytni og gefur fólki tækifæri til þess að spreyta sig á menningarsviðinu. Starfsmaður menningarsamningsins hefur vinnuástöðu á skrifstofu SSV.

Efling sveitarstjórnarstigsins og Sóknaráætlun Vesturlands

Nýr vinnuhópur var skipaður til áframhaldandi vinnu við eflingu sveitarstjórnar-stigins. Formaður fundaði með Þorleifi Gunnlaugssyni, formanni nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins um málefnið og einnig kom Þorleifur á fund vinnuhópsins. Einnig var farið vandlega yfir skýrsluna „Vesturland eitt sveitarfélag“ sem unnin var af starfsfólki SSV á síðasta ári. Af þessum fundahöldum er ljóst og einnig vegna yfirlýsinga innan-ríkisráðherra að breyttar áherslur eru varðandi sameiningarmál sveitarfélaga. Stjórnin hefur því unnið í þeim anda að treysta samvinnugrundvöll sveitarfélagana fremur en eyða miklu púðri í sameiningarmál.

Áfram hefur verið unnið að svokallaðri Sóknaráætlun Vesturlands. Byggir hún að hluta til á niðurstöðum Þjóðfundarins, en einnig stefnumörkun Vaxtarsamninga. Ríkisvaldið hefur sett ramma um verkefnið, en landshlutarnir koma með tillögur að verkefnum.

Rammarnir eru:

1. Gerð svæðisáætlunar á hverju svæði
2. Áætlun um eflingu sveitarfélaga
3. Áætlun um sjálfbæra nýtingu,
4. Áætlun um uppbyggingu grunnets samgangna
5. Áætlun um samgöngumiðstöðvar í hverjum landshluta
6. Stefnu um öruggt aðgengi að háhraðafjarskiptum
7. Stuðningur við klasasamstarf fyrirtækja
8. Einföldun og endurskipulagning á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar
9. Vinnuþátttöku- og menntaáætlanir

Mikil vinna hefur farið fram í sumar við að skilgreina verkefni inn í þessa ramma . Þarna er um að ræða verkefni sem gætu hentað okkar landshluta. Tillögur að verkefnum hafa verið sendar út til sveitarfélaganna á svæðinu og við munum fjalla um þær hér á fundinum og ákveða framhaldið. Um bæði þessi mál verður rætt nánar hér í dag og á morgun.

Atvinnuráðgjöf Vesturlands

Atvinnuráðgjöf Vesturlands fékkst við mörg verkefni á árinu, bæði smá og stór. Helstu verkefnin voru eftirfarandi:

Vinna vegna Þjóðfundar 20/20 og úrvinnsla úr niðurstöðum hans þar sem skilgreind var sérstaða og styrkleiki Vesturlands út frá þeirri aðferðafræði sem notuð var í greiningarvinnu. Aðferðafræðin sætti nokkurri gagnrýni vegna þess að hún útilokaði grunnatvinnuvegina og marga aðra valkosti, t.d. háskólastarfsemi. Niðurstaðan varð því nánast sú sama á landinu öllu og snérist um ferðaþjónustutengd verkefni.

Höfð var umsjón og ut anumhald með Vaxtarsamningi skv. samningi við Iðnaðarráðuneytið, en sá samningur var endurnýjaður á síðasta ári. Atvinnuráðgjöfin (SSV) annast alla umsjón með samningnum og skilar ýtarlegum gögnum bæði til ráðuneytis og Byggðastofnunar sem fer með eftirlitshlutverk með framkvæmd hans. Hins vegar er reynslan af samningnum góð, með honum er forræði og frumkvæði flutt heim í hérað og þó að úthlutun úr samningnum hafi farið rólega af stað í upphafi, hefur eftirspurn eftir fjármagni í stærri atvinnuvegatengd verkefni farið vaxandi.

Hér hafa verið nefnd tvö verkefni sem hafa verið fyrirferðarmikil í störfum SSV og atvinnuráðgjafarinnar á árinu. Vinna við sóknaráætlun hefur verið mikil síðan það ágæta verkefni kom inn á borð Samtakanna. Vinna við vaxtarsamning er einnig mikil vinna sem dreifist jafnt og þétt á samningstímann. Það er umhugsunarvert að send séu svo viðamikil verkefni til landshlutanna án þess að fjármunir fylgi því þar með neyðumst við til að draga úr starfsemi á öðrum sviðum. Þau eru því íþyngjandi fyrir starfsemina og er Vesturland ekki eitt um þá skoðun.

Eins og áður sagði var unnið bæði að stórum og smáum verkefnum fyrir fjölmörg sveitarfélög tengd slæmu atvinnuástandi í kjölfar hruns. Sem dæmi má nefna að í samvinnu við Símenntunarmiðstöð og Vinnumálastofnun var unnið að frumkvöðlasmiðjum fyrir unga atvinnuleitendur, unnið með vinnuhópum einstakra sveitarfélaga, viðskipta-tækifæri voru skoðuð og fjölmargt fleira mætti nefna.

Í lok síðastliðins árs kom út skrifleg íbúakönnun meðal íbúa á Vesturlandi, þar sem könnuð voru viðhorf íbúa varðandi ýmsa þætti búsetuskilyrða. Þetta er 3ja könnunin sem gerð hefur verið á Vesturlandi með 3ja ára millibili og eru niðurstöðurnar orðnar gríðarlega verðmætur gagnagrunnur og mikilvægt að halda þeim áfram með reglulegu millibili. Niðurstöður þessara kannana gagnast í margvíslegum tilgangi.

Starfsfólk Atvinnuráðgjafarinnar hefur á árinu setið í verkefnastjórnnum fjölmargra verkefna tengdum atvinnumálum á svæðinu öllu. Unnar hafa verið fjölmargar umsóknir um styrki fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu. Einstaklingar með viðskiptahugmyndir, stórar og smáar voru aðstoðaðir við gerð viðskiptaáætlana og mat á hugmyndum sínum. Komið var að verkefnum vegna endurfjármögnunar fyrirtækja og einstaklinga og að kaupum á fyrirtækjum sem yfirtekin höfðu verið af bönkum og fleira mætti til telja.

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA og ESB

Eins og getið var í skýrslu formanns í fyrra tekur Samband íslenskra sveitarfélaga þátt í sveitarstjórnarvettvangi EFTA og ESB. Það kom því í hlut núverandi formanns að halda því samstarfi áfram fyrir hönd SSV.

Haldnir hafa verið tveir fundir á árinu, sá fyrri í Brussel í nóvember sl. og sá síðari í Hamar í Noregi þann 31 maí í vor.

Sveitarstjórnarstigið hefur mikilla hagsmuna að gæta í EES-samstarfinu, en við gerð EES-samningsins var ekki ljóst hversu mikil áhrif hann myndi hafa á sveitarfélög í EES-EFTA löndunum. Í nokkur ár hafa íslenska og norska sveitarfélagasambandið beitt sér fyrir því að tengjast sveitarfélagavettvangi Evrópusambandsins, einkum til þess að hafa áhrif á innihald þeirra laga og reglna sem upp þarf að taka þessum tveimur löndum vegna EES-samningsins. Nú er til orðinn formlegur vettvangur þar sem fulltrúar landshluta-samtakanna eiga fulltrúa. Fyrir hópnum fer formaður Sambands ísl. Sveitar-félaga. Hópurinn fundaði m.a. í Brussel með aðstoðarframkvæmdastjóra Héraðsnefndar ESB, Gerhard Stahl.

Á fundunum var rætt um umhverfismál og reglugerð um vinnubrögð við meðhöndlun lífræns úrgangs og moltu.

Á seinni fundunum var umræðuefnið m.a. útboð sveitarfélaga og þær reglur sem um þau gilda. Einnig var rætt um flókið umhverfi í stjórnsýslu sveitarfélaganna.

Áætlað er að funda í Brussel í nóvember og á Íslandi í júní 2012.

Almenningssamgöngur

Vinna er farin af stað við hugmyndir að almenningssamgöngum, en hún hófst upphaflega í tengslum við óskir Innanríkisráðuneytis, áður samgönguráðuneytis, um að landshluta-samtökin kæmu að rekstri og skipulagningu almenningssamgangna á sínum svæðum.

Í framhaldinu var rætt um að SSV yrði falin umsjón og rekstur almenningssamgangna á starfssvæði samtakanna.

Um er að ræða þróun nýs kerfis í samgöngumálum þar sem leitað er eftir samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga.



Verkefnið er að samræma eins og hægt er samgöngur um landshlutann til að auka þjónustu og nýta fjármuni betur. Er hér verið að ræða um allan akstur sem ríki og sveitarfélög koma að, s.s. skólaakstur og almenningsamgöngur. Hugmyndin er að byggja upp heildstætt kerfi með þjónustuborði sem staðsett yrði í landshlutanum, sennilega í Borgar-nesi. Fulltrúar ráðuneytis og Vegagerðar hafa fundað með fulltrúum SSV um þessi mál. Um þetta mál verður rætt frekar hér síðar á fundinum.

Eftirlitshlutverk Umhverfisstofnunar með fyrirtækjum á Vesturlandi

Í stjórninni hefur verið rætt um eftirlitshlutverk þeirra stofnana sem eiga að gæta þess að umhverfismál, vinnuumhverfi og starfsleyfi fyrirtækja í landshlutanum séu í lagi.

Óskað hefur verið upplýsinga um þær stofnanir sem annast þetta eftirlit á svæðinu og tekjur þeirra. Aðalfundur og stjórn SSV hafa áður fjallað um eftirlitsskyldur UST á Vesturlandi og vilja og getu heimamanna að taka við þeim. Núverandi kerfi virðist flókið og ógegnsætt. Einfaldara virðist að hafa þetta hlutverk á einni hendi og sem næst vettvangi til að gera það skilvirkara og til að eyða tortryggni.

Stjórnin hefur falið formanni og framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með þingmönnum kjördæmisins um þetta mál þegar nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir.

Staða landshlutasamtaka í stjórnsýslunni

Í skýrslu um framtíðarhlutverk landshlutasamtakanna sem unnin var á vegum þáverandi samgönguráðuneytis kemur fram að fela ætti þeim frekari verkefni og efla hlutverk þeirra. Samband íslenskra sveitarfélaga gerði ráð fyrir víðtækara hlutverki landshlutasamtakanna í tillögum sínum í umræðunni um ný sveitarstjórnarlög, en niðurstaðan varð önnur.

Þetta umboðsleysi landshlutasamtakanna er verulega bagalegt þegar stefnan er sú að fela þeim aukin verkefni. Ákvörðunarvaldið er lítið og staðan óljós.

Lokaorð

Ágætu fundarmenn,

Núverandi stjórn SSV þakkar fyrir samstarfið á árinu. Stjórnin hefur unnið vel saman og samstarf við starfsmenn hefur verið með ágætum. Við erum að ljúka okkar fyrsta starfsári. Mörg áhugaverð verkefni hafa ratað inn á okkar borð.

Við munum á næsta ári einhenda okkur áfram í að vinna að framfaramálum fyrir einstök sveitarfélög og svæðið í heild.

Sveinn Kristinsson, formaður SSV.



Fundastjóri þakkaði Sveini fyrir og bað kjördæmanefnd að gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Árni Múli Jónasson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Borist höfðu kjörbréf frá öllum sveitarfélögum nema Helgafellssveit. Árni Múli kynnti fulltrúa sveitarstjórna með nafnakalli.

Fundarstjóri þakkaði kjördæmanefnd fyrir og bað Hrefnu B. Jónsdóttur um að kynna skýrslu framkvæmdastjóra.

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ársreikningar og fjárhagsáætlun

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV las og skýrði endurskoðaða reikninga ársins 2010. Einnig var kynnt fjárhagsáætlun 2012.

Endurskoðaður ársreikningur 2010 og fjárhagsáætlun með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundinum 2012 eru í viðauka.

Fundarstjóri þakkaði Hrefnu fyrir samantekt á reikningum og fjárhagsáætlun. Að því loknu vísaði fundarstjóri ársreikningum og fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar.

Fundastjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Fyrirspurnir og umræður

Gunnar Sigurðsson á Akranesi bað um orðið og þakkaði fyrir skýrslur en vildi nefna það sem kom fram að verkefni hefðu verið flutt til sveitarfélaganna án fjármuna. Síðan vantaði samræmingu á verkefnum þar sem ýmist ríkið eða sveitarfélögin væru að sinna sömu verkefnum eins og t.d. heilbrigðiseftirlit sveitarfélagana og svo eftirlitshlutverk Umhverfisstofnunar gagnvart fyrirtækjum þar sem verið væri að sinna mjög sambærilegum verkefnum og menn kæmu sitt hvorn daginn í samskonar úttektir. Gunnar hvatti menn til að beita sér fyrir að þessi störf væru sameinuð og færð heim í hérað með þeim fjármunum sem til þyrftu, það gæti skapað 2-3 störf ásvæðinu.

Fundarstjóri kynnti Helgu Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu Akranes-kaupstaðar og formannþjónusturáðs.



MÁLEFNI FATLAÐRA

VERKEFNAFLUTNINGUR TIL SVEITARFÉLAGANNA

Helga þakkaði fyrir að fá tækifæri til að kynna verkefnaflutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Helgu Gunnarsdóttur fyrir erindið sitt og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Laufey í Hvalfjarðarsveit bað um orðið og þakkaði Helgu fyrir mjög gott yfirlitserindi um þetta málefni og vildi spyrja hvort það gæti ekki verið flókið blanda saman almennri heimaþjónustu og sértækri. Eins langaði henni að heyra hvort þetta samstarf sveitarfélaganna hefði ekki gengir vel og verið farsælt og greindi frá því að frá sínum bæjardyrum séð hefði þetta gengið vel.

Helga sagði að í upphafi hefði það verið vilji Akraness að fara einir í þetta verkefni en hafi ekki fengi til þess leyfi ráðuneytisins. En sú samvinna og samtal milli sveitarfélagana sem hefði átt sér stað í þessu verkefni hefði verið mjög til góðs og styrkt þjónustuna á svæðinu.

Fundastjóri þakkaði Helgu fyrir erindi sitt og kynnti Oddnýju Harðardóttur, formann fjárlaganefndar.

SAFNLIÐIR Á FJÁRLÖGUM

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Oddný greindi frá því að hún væri komin til að kynna úthlutun óskiptra liða, sem væri hennar síðast verk sem formaður Fjárlaganefndar því nýr formaður yrði kosin kl. 14 í dag.

Koma á upp nýjum úthlutunarreglum vegna fjárstuðnings við smærri verkefni úr óskiptum liðum fjárlaga. Þannig á að reyna að koma í veg fyrir „spillingargildir“ sem bein úthlutun þingmanna í fjárlaganefnd getur verið. Því er það vilji nefndarinnar að svæðisbundnir fjármunir fari til úthlutunar í gegn um þá farvegi sem eru til staðar eins og menningar- og vaxtarsamningar, en það sem nær yfir allt landið fari í sérsjóði í ráðuneytunum og sértæka sjóði s.s. safnasjóð o.fl.

Fundarstjóri þakkaði Oddnýju Harðardóttur sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Gísli Ólafsson, Grundarfirði tekur undir að þetta sé þörf breyting. En vill þó nefna að á síðastliðnum tveimur árum hafi verið skorið mikið niður í þeim sjóðum sem styðja við sprotaverkefni, söfn og setur. Þetta hafi komið hart niður á landsbyggðinni þar sem menn hafa verið að basla við að byggja upp á sama tíma og fjármunir sem ríkið ver í uppbyggingu og rekstur varðandi menningarstarfsemi í Reykjavík hafi aukist.

Oddný svaraði því til að rétt væri að meira hefði verið skorið niður í menningarmálum en t.d. menntamálum en nú væri vilji til þess að byggja upp aftur m.a með því að efla menningar- og vaxtarsamninga sem eingöngu eru á landsbyggðinni en ekki á höfuðborgarsvæðinu. Strax í haust verði farið að undirbúa breytingar á þessum samningum til að hægt verði að úthluta úr þessum sjóðum.

Hrefna B. Jónsdóttir, SSV spurði hvernig reiknireglu varðandi menningarsamningana yrði háttað og hvort menningarsamningarnir verði teknir upp vegna þessara breytinga.

Oddný greindi frá því að ráðuneyti í samstarfi við sveitarfélögin myndu vinna að gerð reiknireglu og tryggja þyrfti samstöðu og samstarf í þessum málum ásamt nægu fjármagni til að standa undir samningunum.

Bjarni Jónsson, SSNV vakti máls á því að menningarsamningarnir hafi hingað til ekki gert ráð fyrir stofnkostnaði eingöngu styrkjum til smærri verkefna og því hafa menn skrifað undir þetta með semingi. Einnig nefndi hann að það yrði að gæta þess að ekki verði um kollsteypur að ræða í safnastarfinu, þar sem víða er togast á um skilgreiningar á „viðurkenndu safni“

Oddný svaraði því að til að gæta þyrfti í reiknireglu að horfa til landfræðilegra þátta s.s. samgangna, þéttleika byggðar, atvinnustöðu o.fl. þannig að þessi stuðningur rati þangað sem þörfin er mest. Fyrst hafi verið kvartað mikið yfir menningarsamningum en nú vildu allir sjá aukningu í þessum samningum.

Þórður Magnússon spurði hvort það væri rétt að aðeins ætti að bæta 127 millj. við menningarsamningana sem fyrir eru á landsbyggðinni – á meðan að 3,8 milljarðar færu til menningarmála á höfuðborgarsvæðinu.

Oddný vildi meina að þetta gætu ekki verið réttar tölur því hér væri verið að tala um aukningu til menningarsamninganna sem „þið“ ættuð að fagna – „þið“ fenguð meiri völd og mynduð úthluta sjálf þessum peningum en ekki einhverjir þingmenn.

Jón Pálmi greindi frá því að verið væri að vinna í samræmi við menningarsamningana og búið að auglýsa næsta umsóknarfrest og hvort nokkuð ætti að hrófla við því sem væri verið að gera í dag. Aukin verkefni yrðu þá viðbót við núverandi starf menningarráða.



Oddný greindi frá því að framtíðarhugsunin væri sú að það yrði sveigjanleiki miðað við aðstæður á svæðinu og e.t.v. yrði gerður samningur við menntamálaráðuneytið um framkvæmd úthlutunar o.þ.h.

Hádegisverðarhlé

ÁVÖRP GESTA

Fundastjóri, kynnti Karl Björnsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

KARL BJÖRNSSON

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Karli Björnssyni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Kristinn Jónasson þakkar fyrir gott erindi. Spyr hvernig sveitarfélögin eigi að laga sig að skuldahámarki á sama tíma og mörg þeirra búi við kröpp kjör. Hvernig eigi að standa að því að aðlaga fjármál sveitarfélaga að skuldahámarkinu en jafnframt að halda uppi vissu þjónustustigi. Einnig nefndi hann aukaframlög úr jöfnunarsjóði til skuldsettra sveitarfélaga og nefndi sérstaklega Álftanes, sem fór á flug og byggði sundlaug, en skynsamari sveitarfélögin þyrftu að taka á sig birgðar vegna þessa. Spurning hvort íbúar á Álftanesi þyrftu ekki að taka á sig hluta af vandamálinu.

Páll Brynjarsson kom í pontu og tók heilshugar undir umræðu um Álftanes með Kristni, en vildi jafnframt fá upplýsingar um hvernig þeim peningum sem eftir standa yrði skipt.

Karl Björnsson greindi frá því að stofnaður hefði verið starfshópur til að aðstoða við setningu reglugerðar um hvernig sveitarfélögin eigi að ná þeim fjárhagslegu mörkum sem lögð eru fram í nýjum sveitarstjórnarlögum. Lögin séu tiltölulega einföld að þessu leiti, með tveimur grundvallarreglum en frekari útfærsla sé sett fram í reglugerðinni. Karl lýsti þeirri skoðun sinni að mjög vandamt væri að finna lausnir fyrir skuldsett sveitarfélög en mjög ósanngjarnt væri að þau sveitarfélög sem hefðu staðið sig vel, þyrftu nú að blæða fyrir þau sem hefðu sólundað og einnig að verið væri að taka frá þeim næst verst settu til að hjálpa því sveitarfélagi sem væri verst sett.



Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir og flutti því næst nokkrar kveðjur sem borist höfðu á fundinn, meðal annars frá Alþingismönnum og öðrum landshlutasamtökum. Því næst bauð fundarstjóri Jóni Bjarnasyni, sjávar- og landbúnaðarráðherra að ávarpa fundinn.

JÓN BJARNASON, SJÁVAR- OG LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA

Jón Bjarnason þakkar fyrir að fá að ávarpa fundinn og sendir kveðjur frá þeim þingmönnum sem ekki eru hér. Jón sagðist í upphafi ætla að koma inn á nokkur atrið sem tilheyra ráðuneyti sjávarútvegs og landbúnaðar en einnig almenn mál. Stærsta verkefni í ráðuneyti sjávarútvegsins væri stjórn og stýring á málefnum fiskveiða sem hafi skipt Vesturland talsvert miklu máli. Nefndi hann m.a. að umtalsverðá uppbyggingu tengda strandveiði og vitnaði þar í landanir í höfnum á Akranesi og Snæfellsnesi sem hann taldi lýsa mjög vel umfangi veiðanna. Einnig nefndi hann að lögð hefði verið áhersla á að bæta gæði þess afla sem að landi berst.

Jón nefndi einnig að makrílveiði skipti miklu máli hér á Vesturlandi. Enn væri þó ekki búið að semja um þessar veiðar við strandveiðiþjóðir. Þvert á vilja stórútgærðarmanna sem vildu eiga þennan kvóta eins og síldina, þá var makrílheimildunum skipt niður í smáar einingar og sett sú kvöð að 70% af aflanum yrði unninn til manneldis. Þessi tilhögun hefur skipt miklu máli fyrir t.d. Snæfellsnes þar sem aflanum hefur verið landað og hefur munað miklu um þá atvinnu sem skapast hefur í tengslum við makrílveiðarnar. Jón sagði einnig frá því að það hafi ekki verið sjálfgefið að veiðileyfunum væri úthlutað á þennan hátt og hafi ráðherra mátt sæta miklum ádeilum fyrir vikið. Það hafi sýnt sig að það hafi skipt miklu máli að dreifa þessari vinnslu og einnig hve útgerðin og aðilar í sjávarútvegi séu fljótir að bregðast við nýjum aðstæðum. Þannig sé mjög mikilvægt hvernig við ákveðum að nýta auðlindina.

Jón nefndi einnig að nú væri mjög í tísku að tala um auðlindagjald. Það þyrfti að fara varlega í þetta mál og huga vel að því hverjir fengju afraksturinn af þessum gjöldum. Hann telur að einstakar byggðir ættu að njóta afrakstrar af þeim auðlindum sem þær byggju á, þannig að t.d. veiðigjald myndi renna til sjávarbyggða.

Að lokum sagði Jón að mikilvægt væri að standa vörð um rannsóknar- og þekkingarsetur á Vesturlandi. Einnig þyrfti að standa vörð um matvælavinnslu og matvælaöryggi á landinu og ekki láta áróður hagsmunaaðila svo sem stórkaupmanna sem sjálfir vilja taka inn allan hagnaðinn af matvælainnflutningi og sölu, hafa áhrif þar á.

Fundarstjóri þakkaði Jóni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.



Fyrirspurnir og umræður

Þórður Magnússon, Grundaffjarðarbæ bar fram þá spurningu, að ef strandveiðikvótinn hefði ekki verið veiddur af strandveiðiflotanum hvort hann hefði þá ekki verið veiddur? Hvort ekki hafi verið bæði floti og sjómenn til staðar til að veiða þennan afla? Einnig vildi hann leiðrétta misskilning varðandi makríl í Grundarfirði, að þar væri skerðing aflaheimilda um 50%.

Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ hóf mál sitt á því að mótmæla því að ráðherra talaði niður til svokallaðra „stórútgærdarmanna“ þar sem þetta væru alveg eins menn og smábáta-útgærdarmenn og allir skiptu þeir jafn miklu máli. Einnig spurði hann ráðherra að því hvenær hann ætlaði að bakka með sjávarútvegsfrumvarpið, þessa vitleysu sem allir hefðu gert athugasemdir við og enginn væri ánægður með. Kristinn sagðist ekki hafa séð eina jákvæða umsögn um frumvarpið og sú óvissa sem nú ríkti væri slæm fyrir alla aðila. Kristinn lýsti þeirri skoðun sinni að strandveiðarnar væru bara vitleysa. Menn sem einnig væru starfandi í öðrum greinum, t.d. gröfumaðurinn og pípulagningarmaðurinn, fjárfestu í bátum, færu á sjó og sköpuðu sér þannig aukavinnu. Á meðan stæðu sjómennirnir á bryggjunni vegna þeirrar skerðingar sem starfandi útgærd yrði fyrir vegna yfirfærslu aflaheimilda yfir í strandveiðar. Þessi hringlandaháttur skapaði mikla óvissu fyrir sjávarútvegs-fyrirtækin og byggðirnar.

Jón Bjarnason svaraði Þórði að það væri rétt hjá honum að makrílkvóti í Grundarfirði hefði verið skertur til að fleiri kæmust að í veiðunum, þetta hefði verið jafnræðisráðstöfun.

Í svari til Kristins þá sagði Jón að breytingar á fiskveiðistjórnun hefðu verið aðal kosningamálið í síðustu kosningum. Þeir flokkar sem vildu breytingar á kerfinu hefðu unnið kosningasigur og myndað stjórn og því eðlilegt að þeir breyti því. Ráðherrar segir að vandséð er hvernig hægt væri að breyta stóra fiskveiðistjórnunarfrumvarpinu þar sem bæði fylgjendur breytinga á kvótakerfinu og andstæðingar þeirra gagnrýndu frumvarpið. Það sé ljóst að mjög skiptar skoðanir séu um þessar breytingar sem fram koma í frumvarpinu og sem slíkt sé það kannski ekki óskafrumvarp allra. En gagnrýnin kæmi úr báðum áttum, bæði þeim sem vildu ganga mun lengra en gert er og eins hinum sem telja allt langt gengið og sagði Jón að það segði svolítið um það að frumvarpið væri hið besta frumvarp þegar allt kæmi til alls. Að lokum sagði Jón að það væri engin óvissa í sjávarútvegi á meðan nógur fiskur væri í sjónum og bara jákvætt að gröfumaðurinn fengi líka að skreppa á sjóinn.

Fundarstjóri kynnti Guðbjart Hannesson, ráðherra velferðarmála

GUÐBJARTUR HANNESSON, RÁÐHERRA VELFERÐARMÁLA

Guðbjartur hóf mál sitt á því að þakka fyrir boð á aðalfund SSV. Helsta áherslur velferðarráðuneytisins væru að endurskipleggja velferðarmálin með það að markmiðið að bæta þjónustu, auka skilvirkni og hagræðingu. Efling sveitarstjórnarstigsins væri mikilvæg og þar væri m.a. hægt að hagræða með samþættingu heilsugæslu og öldrunarþjónustu.

Ráðherra sagði atvinnumál vera stærsta velferðarmálið, það yrði að koma fólki í vinnu og að vinnutekjur yrðu að vera hærrí en atvinnuleysisbætur. Ýmislegt væri verið að gera og nefndi m.a. „Nám er vinnandi vegur“ þar sem markmiðið er að hvetja fólk til að fara í nám í stað þess að vera á atvinnuleysisrá. Einnig minntist hann á vandamál varðandi stöðu ungs fólks án atvinnu og væri vaxandi hluti þeirra kominn á félagsbætur hjá sveitarfélögunum, ásamt því að hópur fólks passaði hvergi inn í kerfið. Verið væri að vinna að lausnir fyrir þessa hópa og jafnvel yrði farið í lagabreytingar til að skerða bætur og þvinga fólk í einhver úrræði.

Í tengslum við öldrunarmál ræddi Guðbjartur um að mikið væri verið að byggja á svæðinu af hjúkrunarheimilum. Einnig taldi hann að yfirfærsla málaflokksins til sveitarfélaga skipti miklu máli. Efla þyrfti heimahjúkrun og öldrunarþjónustu og samræma þyrfti umgjörð vegna bóta aldraða sem geta komið bæði frá ríki og sveitarfélagi. Komið geti fyrir að bæturnar skarist þannig að ef annar aðilinn bætir við þá skerði hinn á mót, aðilar verði ekki betur settir og lendi jafnvel í fátæktargildru.

Varðandi heilbrigðismálin sagði Guðbjartur að áfram yrði erfiður niðurskurður. Verið væri að vinna að hagræðinu í heilbrigðiskerfinu og meta þá þjónustu sem er til staðar en margt benti til þess að víða í kerfinu væri verið að veita mun meiri þjónustu en í nágrannalöndum okkar.

Um almannatryggingar hafði ráðherra það að segja að verið væri að semja við lífeyrissjóði um að athuga með frítekjumörk. Tillögur væru um að reyna að koma í veg fyrir víxlverkanir bæði milli Tryggingastofnunar og lífeyrissjóðanna og eins sveitarfélaganna og.

Í húsnæðismálum taldi Guðbjartur að auka þyrfti fjölbreytni í búsetuúrræðum sem meðal annars fælist í því að efla þyrfti leigumarkað og gera það að raunverulegum valkosti að leigja húsnæði.

Varðandi fátækt og fjárhagsstöðu fólks þá sagði ráðherra hópur fólks væri nú í þeirri aðstöðu að eiga hvorki fyrir húsnæði né nauðþurftu og það lenti að sveitarfélögunum að aðstoða þennan hóp. Uppfæra og endurnýja þyrfti neysluiðmiðin og tryggja búsetuúrræði fyrir lægst launaða hópinn í samvinnu við sveitarfélögin.

Að lokum sagði Guðbjartur að á sama tíma og margar kannanir sýndu að hér væri gott að búa þá færi líka stækkandi sá jaðarhópur fólks sem ætti verulega erfitt.

Fundarstjóri þakkaði Guðbjarti fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.



Fyrirspurnir og umræður

Guðmundur Páll Jónsson, Akranesi þakkaði ráðherranum fyrir erindið og sagði að sveitarstjórnarmenn geri sér grein fyrir hversu erfitt sé að stjórna ríkiskassanum um þessar mundir. Hann bar fram þá ósk að fólk geti farið að tala saman og ná samstöðu um úrbætur í sátt og samlyndi, hvort um væri að ræða sjávarútvegsfumvarp eða annað.

Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ þakkar gott erindi og einnig gott samstarf við Snæfellsbæ. Hann óskar eftir upplýsingum um hvort von sé á tilfærslum á fjölda hjúkrunarrýma á milli landshluta.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV spurði varðandi úttektir fagaðila vegna þjónustustigs í heilbrigðismálum hvort og á hvaða stigi sveitarstjórnarmenn og íbúar fái að koma skoðunum sínum um þjónustuna á framfæri.

Guðbjartur tók undir þá skoðun Guðmundar Páls að auka þyrfti samstarf á pólitískum vettvang, sveitarstjórnir gerðu það almennt og ætti Alþingi að gera það líka.

Í svörum ráðherra kom einnig fram að verið væri að fara yfir og skoða stöðu heilbrigðisþjónustunnar og ætti þeirri úttekt að vera lokið 2012. Nú þegar hefur komið fram að veitt sé mun meiri þjónusta en í nágrannalöndum okkar. Hérlendis eru fleiri tannlæknar, sérfræðingar, myndgreiningar, hjartagreininga o.fl. pr. íbúa en í nágrannalöndum okkar en samt er ekki betri heilsa í þessum geirum.

Ráðherra svaraði Aðalsteini að héraðssjúkrahús og heimamenn geti komið að þessum málum í gegnum 20/20 stefnumótunina. Varðandi spurningu Kristins þá væri ekki búið að taka ákvarðanir um tilfærslur.

Fundarstjóri kynnti Ragnhildi Hjaltadóttur, ráðuneytisstjóra í Innanríkisráðuneytinu.

RAGNHILDUR HJALTADÓTTIR, RÁÐUNEYTISSTJÓRI Í INNANRÍKISRÁÐUNEYTINGU

Ragnhildur skilaði kveðjum frá innanríkisráðherra. Við sameiningu ráðuneyta fer innanríkisráðuneytið með málefni sveitarfélaga. Ný sveitarstjórnarlög hafi verið samþykkt og taki gildi um næstu mánaðarmót. Sagði hún ráðuneytið þakklátt fyrir þá miklu vinnu sem Samband íslenskra sveitarfélaga lagði fram, bæði kjörnir fulltrúar og starfsmenn. Í dag væri fjárhagsstaða sveitarfélaga mismunandi en fjármálaeignum væri ætlað að koma í veg fyrir að skuldasöfnun sveitarfélaga. Í sveitarstjórnarlögunum kemur einnig fram að 20% kosningabærra íbúa geta krafist kosninga um málefni sveitarfélagsins. Ráðuneyti eru skylduð til að skoða kostnaðaráhrif lagafrumvarpa sem þau leggja fram á fjármál sveitarfélaga. Ragnhildur nefndi einnig átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins þar sem ákveðið hefur verið að gera könnu meðal sveitarfélaga um áhuga til frekari sameininga.



Ragnhildur minntist á að vilji væri til valddreifingar og nefndi í því sambandi samning um heimastjórn á almenningssamgöngum. Einnig að lögregluembættum muni fara fækkandi og 2016 yrði þeim breytingum lokið ásamt því að nefna helstu verkefni í vegagerð á Vesturlandi

Fundarstjóri þakkaði Ragnhildi fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Engar fyrirspurnir.

Fundarstjóri kynnti Helga Helgason, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

UMHVERFISVÖKTUN FYRIRTÆKJA Á VESTURLANDI

Helgi Helgason þakkar fyrir að vera boðið á aðalfund SSV. Hann hafi starfað við heilbrigðiseftirlit síðan elstu menn muna, en þetta sé í fyrsta sinn sem honum er boðið á þennan fund.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Helga fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Sveinn Kristinsson, Akranesi spurði hvaða breytingar þyrfti að gera á Vesturlandi til að færa heim í hérað það eftirlit sem Umhverfisstofnun sér um og hvernig það auki gæði eftirlitsins.

Helgi svaraði því til að á Vesturlandi væru einungis 2 stöðugildi hjá Heilbrigðiseftirlitinu og það þyrfti að lágmarki 1 stöðugildi í viðbót við þessa breytingu.

Kaffihlé

Fundarstjóri kynnti Vífil Karlsson, hagfræðing SSV og Svein Kristinsson, formann SSV**EFLING SVEITARSTJÓRNARSTIGSINS –
STAÐA OG FRAMTÍÐARSÝN VERKEFNISINS**

Sjá sérstakt skjal Vífils með glærum.

Sveinn Kristinsson tók svo við og sagði að sér þætti merkilegt að fyrirkomulag sé þannig að einn ráðherra geti breytt stefnu í sameiningarmálum. Á Vesturlandi væru sveitarfélög með allt frá 6600 íbúa niður í 60 íbúa. Einnig benti hann á nauðsyn þess að stjórnir landshlutasamtaka hafi formlegt umboð til að framkvæma verkefni sem færð eru frá ríkinu.

Fundarstjóri þakkar Vífli og Sveini fyrir erindi sín og opnar fyrir fyrirspurnir og umræður.

Fyrirspurnir og umræður

Gísli Ólafsson, Grundarfjarðarbæ tekur undir með formanni SSV um stöðumatid að það sé ófremdar ástand. Ástandið sé ekki gott fyrir þá sem vilja sameiningu en gott fyrir þá sem vilja stöðnun. Það þurfi ekki að eyða peningum í að búa til grænlenk reiknilíkön til að sjá hagræðinguna í sameiningum. Hann bætir við að enginn vilji sé til sameininga á Snæfellsnesi um þessar mundir. En ef ekki sé vilji til sameininga þá þurfi að efla samstarf, gera virk byggðasamlög og efla samstarfsvettvang.

Guðmundur Páll Jónsson, Akranesi telur að hvaða skoðun sem aðilar hafi á sameiningarmálum þá sé þetta stjórnsýslustig að þróast mjög hratt með þeim hætti að verið er að færa verkefni til sveitarfélaganna. Þessi auknu verkefni séu öll unnin í gegnum jöfnunarsjóð sem sífellt bólgnar út. Hann telur að það komi að endimörkum þessa millifærslukerfis og þá sé eins gott fyrir sveitarstjórnarmenn að átta sig á því hvað tekur við og spurning hvort þá verði til staðar stjórnsýslueiningar sem eru í stakk búnar til að takast á við fyrirliggjandi verkefni.

Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri IRR sagði að það gætti ákveðins misskilnings varðandi afstöðu innanríkisráðherra til sameininga. Hann vildi frjálssa sameiningu sveitarfélaga en ekki þvingaða.

Ragnar Frank Kristjánsson, Borgarbyggð sagði að hér hefði farið fram áhugaverð umræða varðandi samvinnu sveitarfélaga. Hann var fylgjandi því að sameiningar komi af sjálfu sér en ekki með þvingunum. Einnig nefndi hann að það væri fullt af verkefnum sem heimamenn gætu tekið yfir, t.d. varðandi umhverfismál o.fl.

Sveinn Kristinsson, Akranesi þakkað fyrir þá umræðu og punkta sem fram hefðu komið en óttast að ef svo heldur fram sem horfir þá muni ekkert gerast í sameiningarmálum næstu áratugi.

Fundarstjóri þakkaði umræðurnar og kynnti Ólaf Sveinsson, forstöðumann atvinnuráðgjafar og Smára Ólafsson, samgönguverkfræðing og ráðgjafa VSÓ sem voru með kynningu á verkefni um hagræðingu í almenningssamgöngum á Vesturlandi.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Sjá sérstakt skjal með glærum Ólafs og Smára.

Fundarstjóri þakkar Smára og Ólafi fyrir erindi sín og opnar fyrir fyrirspurnir og umræður.

Fyrirspurnir og umræður

Laufey Jóhannsdóttir, Hvalfjarðarsveit óskaði eftir frekari upplýsingum um kostnað og hvort það gengi upp gagnvart Strætó bs. að fara niður í Mjódd.

Hallfreður Vilhjálmsson, Hvalfjarðarsveit vildi koma því á framfæri að það hefði ríkt misskilningur gagnvart þessu verkefni, vantað upplýsingar og hugsanlega ótímabært að fara fram með málið þegar það var gert. En upplýsingarnar sem hefði vantað hefðu komið fram í dag.

Guðmundur Páll Jónsson, Akranesi segir að þetta verkefni hafi borið brátt að, en nú séu breyttir tímar á margan hátt. Sem tekur hann að það hafi tekið 6 mánuði að sameina orkumálin, en 6 ár að fá sérleyfið milli Akraness og Reykjavíkur. Það þyrfti að koma á kerfi sem þjónaði markmiðum sínum og að nýting væri betri. Þyrftu að vera formlegar viðræður milli ríkis og sveitarfélaga þar sem lagðar væru fram forsendur og markmið.

Gísli Ólafsson, Grundarfjarðarbær sagði að sveitarfélagið hefði hafnað því að skrifa undir þennan samning. Undirbúningsvinna í þessu verkefni verið mjög góð og sú kynning sem fram hafi farið hér á aðalfundinum sýni að hægst sé að ná fram hagræðingu og bættri þjónustu með samvinnu. Gísli er samt viss um að hægt sé að gera þetta betur og spyr af hverju liggi svona mikið á að skrifa undir núna, óskar eftir því að fá samninginn fullbúinn og þá sé hægt að skrifa undir. Gísli vill að farið sé betur yfir kostnaðargreiningu og að markmiðin með samningnum séu ljós.



Páll Brynjarsson, Borgarbyggð þakkaði góða kynningu á verkefninu og telur ýmis tækifæri í þeim hugmyndum sem Smári setti fram í sínu erindi, bæði hvað varðar samvinnu innan landshlutans og eins við aðra landshluta. Hann hvatti til þess að málið verði skoðað með opnum huga og sagði sína skoðun vera þá að rétt væri að sveitarfélögin tæku þetta verkefni yfir. Páll sagðist skilja mjög vel áhyggjur manna af kostnaði við svo stórt verkefni, en það væri mjög mikilvægt fyrir svæðið að nýta þetta tækifæri.

Bjarni Jónsson, formaður SSV sagði að þetta málefni hefði verið mikið rætt á sínu svæði og mæltist mjög vel fyrir. Búið væri að leggja til svipaða vinnu og á Vesturlandi og það væri mikill áhugi fyrir hagræðinu og samstarfi milli landshluta í þessu máli, þetta væri gott tækifæri til að tengja betur saman byggðarlög.

Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ lítur þannig á þetta mál, að í því felist enginn nýr kostnaður heldur ný tækifæri. Hægt væri að samnýta skólaakstur og áætlunarferðir á Snæfellsnesi, en 9 mánuði á ári væru skólarúta og áætlunarrúta að aka hver á eftir annarri milli Hellisands og Grundarfjarðar svo dæmi sé tekið. Kristinn hvetur til að menn haldi ótrauðir áfram með þetta verkefni.

Smári Ólafsson sagði meðal annars í svörum sínum að miðlægur kostnaður Strætó bs. Sé 15%, þetta sé sú tala sem fyrirtækið noti til viðmiðunar í viðskiptum við önnur fyrirtæki. Annað sem hann nefndi var að ætlunin er að staðsetja rúturnar á Akranes að næturlagi, þannig að þó það sé ófært úr Borgarnesi að morgni þá sé samt hægt að keyra Akranes-Reykjavík. Að lokum taldi Smári ekki vera tryggingu fyrir því að framlagið sem væri í boði núna héldi ef ekki yrði samþykkt nú þegar. Mat hans var því að það ætti að ganga frá þessum samningi núna.

.....
Nefndarstörf
.....

.....
Móttaka í Fíflholtum, í boði Sorpurðunar Vesturlands hf.
.....

Hætt var við móttöku í Fíflholtum vegna veðurs og var gestum boðið í rútuferð um Borgarnes sem endaði í Safnahúsi Borgarfjarðar þar sem skoðuð var sýningin Börn í 100 ár og bornar fram veitingar í boði Sorpurðunar Vesturlands hf.

Hlé var gert á fundinum til k. 10 næsta morgun

Fundur hófst aftur á laugardagsmorgni kl. 10 með nefndarstörfum en kl. 11 kynnti fundarstjóri Pál Brynjarsson, bæjarstjóra Borgarbyggðar og Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðing í forsætisráðuneytinu sem báðir héldu erindi um sóknaráætlun



SÓKNARÁÆTLUN

Sjá sérstakt skjal með glærum Páls og Héðins

Fundarstjóri þakkar Héðni og Páli erindi sín og opnar fyrir fyrirspurnir og umræður.

Fyrirspurnir og umræður

Stefanía Traustadóttir, sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu benti á að í nýju sveitarstjórnarlögunum sem taka gildi 1. janúar 2012 sé lagaleg staða landshlutasamtakanna örlítið sterkari, þó ekki mikið því það þurfi alltaf að gæta þess hver ber ábyrgðina.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga segir að Sóknaráætlun sé víðari samstarfsvettvangur en eingöngu innan landshlutasamtakanna heldur eigi að ná út í atvinnulífið. Það þurfi að vera víðtæk samstaða með bæði sveitarstjórnnum, atvinnulífi og íbúum þegar verið er að vinna að slíkri stefnumörkun.

Héðinn Unnsteinsson að menn verði að sjá hagkvæmni í því að sameina þjónusti heima í héraði í ýmsum mál. Þetta verði að fá að þróast en það nái engri átt hversu margir séu að vinna í allavega stoðkerfum víðsvegar um landið og ekkert virkt samstarf milli þeirra. Að lokum benti hann á hversu atvinna, menntun og velferð spiluðu gríðarleg mikið saman.

Framhald á nefndarstörfum.

Hádegishressing

AFGREIÐSLA ÁLYKTANA

SAMGÖNGUNEFND

Davíð Pétursson fór í gegnum drög að ályktunum nefndarinnar. Fram komu tillögur um breytingar á orðalagi. Ályktanirnar voru samþykktar með breyttu orðalagi. (Sjá fylgiskjal 1).

SVEITARSTJÓRNA OG BYGGÐANEFND

Guðmundur Páll Jónsson fór í gegnum drög að ályktunum nefndarinnar. Fram komu tillögur um breytingar á orðalagi. (*Fram kom í hópnum að gott væri ef þessar ályktanirnar væru sendar fulltrúum nokkrum dögum fyrr og það þurfi að undirbúa betur vinnuna við ályktanirnar. Hann taldi þær ekki endilega vera að kristalla það sem sveitarstjórnarmenn eru að vinna við og tók Orkuveituna sem dæmi*). Ályktanirnar voru samþykktar með breyttu orðalagi (Sjá fylgiskjal 1).



FJÁRHAGSNEFND

Páll Brynjarsson fór í gegnum drög að ályktunum nefndarinnar. Gerðar voru breytingar á framlagðri fjárhagsáætlun í nefndinni og var hún samþykkt. Sveinn Kristinsson gerði athugasemdir við að samkvæmt fjárhagsáætlun væru ekki öll sveitarfélög að greiða sama „aðgangseyri“ að samtökunum og fannst að það ætti að vera þannig, en ætlaði ekki að leggja fram breytingatillögu. Eins hafði hann efasemdir um að tækist að ná fram lækkun á rekstrarkostnaði sem var ein af þeim breytingum sem gerð var á fjárhagsáætluninni í meðförum nefndarinnar. Lögð var fram tillaga um breytingar á árgjaldi til SSV. Ályktanirnar voru samþykktar. (Sjá fylgiskjal 1).

Fundi slitið

Fundastjóri gaf formanni stjórnar, Sveini Kristinssyni orðið og fól honum að slíta fundi. Sveinn þakkaði fyrir góðan og vinnusaman fund með fróðlegum erindum. Jafnframt tók hann undir þær skoðanir sem komið höfðu fram um að gott væri að senda ályktanir til fundarmanna fyrir fundinn svo þeir gætu komið betur undirbúnir til fundarins og nefndarstarfanna. Margar góðar og mikilvægar ályktanir hafi verið samþykktar á þessum fundir og myndi stjórn SSV reyna að fylgja þeim eftir samkvæmt bestu getu sem tryggir að stjórnin hafi næg verkefni á næstunni. Sveinn þakkaði starfsmönnum fundarinn fyrir gott framlag og fundarmönnum fyrir samstarfið og samveruna og sagði fundi slitið.



FYLGISKJAL 1 - ÁLYKTANIR AÐALFUNDAR SSV ÁRIÐ 2011

Ályktanir aðalfundar SSV 2011

AÐALFUNDUR HALDINN Í HÓTEL BORGARNESI, BORGARBYGGÐ

30. SEPTEMBER OG 1. OKTÓBER 2011



SVEITARSTJÓRNA- OG BYGGÐANEFND

Málefni sveitarfélaga

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Borgarnesi dagana 30. sept. og 1. október 2011, leggur áherslu á góð samskipti ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir þannig að sveitarfélög geti sinnt lögbundnum skyldum sínum gagnvart íbúum. Nýjum verkefnum verða að fylgja viðunandi tekjustofnar.

Mikill tími og orka fer í samskipti og viðræður á milli ríkis og sveitarfélaga ár hvert þegar kemur að fjárlagagerð. Skýra þarf leikreglur í samskiptum þannig að skilvirkni og gegnsæi verði meira.

Fundurinn leggur áherslu á, að mikið og náíð samstarf ríkis og sveitarfélaga fari fram þannig að þar fari tvö sjálfstæð stjórnsýslustig. Áhersla skal lögð á að við endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs aukist jöfnuður milli sveitarfélaganna.

Fjölgað verði undanþáguákvæðum vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts, sbr. Endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fráveituframkvæmda, kaupa á slökkviliðsbúnaði og eyðingar refa og minka.

Rekstur sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Aðalfundur SSV, haldinn í Borgarnesi dagana 30. september og 1. október 2011 fagnar aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga að mörgum mikilvægum verkefnum f.h. sveitarfélaganna í landinu. Mikilvægt er að stjórn sambandsins ræki hlutverk sitt af festu varðandi samræmdar aðgerðir sveitarfélaga í samskiptum við ríkisvaldið.

Aðalfundur SSV lýsir ánægju sinni með þau verkefni sem beint hefur verið til sveitarfélaga og landshlutasamtaka. Þekking innan landshlutans er mikil og bæði vilji og fagleg geta til að taka að sér aukin verkefni. Bent er á að auknum verkefnum þurfa að fylgja auknir fjármunir.

Samkvæmt ákvörðun fjárlaganefndar mun hluti fjárveitinga af safnliðum renna til landshlutasamtaka í gegnum menningarsamningana. Tryggt verði að þær breytingar sem gerðar hafa verið á vinnulagi fjárlaganefndar skerði ekki framlög til þeirra verkefna á Vesturlandi sem fengið hafa stuðning nefndarinnar.

Menntamál

Á Vesturlandi eru öflugar menntastofnanir sem miklu skipta í uppbyggingu- og viðhaldi búsetu á svæðinu. Nauðsynlegt er að þær stofnanir hafi nægt fjármagn til rekstrar, til að viðhalda því öflugra starfi sem þar fer fram. Háskólar, háskólasetur, framhaldsskólar, símenntunarmiðstöð og aðrar menntastofnanir eru dýrmætar og stór hluti af stoðkerfi Vesturlands. Íbúar svæðisins hafa sýnt stuðning sinn í verki við þessar stofnanir.

Mikilvægt er að mennta- og háskólastofnanir haldi sjálfstæði sínu en auki samstarf sín á milli, samfélaginu á Vesturlandi til góða. Rekstrargrundvöll framhaldsskóla og verknámsbrauta á Vesturlandi ber að tryggja og vernda.

Tryggt verði að jöfnunarstyrkur til framhaldsskólanema verði greiddur áfram.

Atvinnu- og byggðamál

Aðalfundur samtaka sveitarfélaga, haldinn í Borgarnesi, 30. september og 1. október 2011, lýsir áhyggjum yfir rekstrarumhverfi fyrirtækja og stöðu atvinnulífs á Vesturlandi. Leggja þarf áherslu á eftirfarandi:

- Tryggja þarf fyrirtækjum, sveitarfélögum, stofnunum og heimilum í landinu bætt rekstrarskilyrði. Mikilvægt er að skapa sem mestan stöðugleika í rekstrarumhverfi atvinnulífs.
- Nauðsynlegt er að eyða þeirri óvissu sem sjávarútvegurinn býr við í dag. Sjávarútvegur, landbúnaður, ferðaþjónusta og menntastofnanir eru allt afar mikilvægar atvinnugreinar á starfssvæði SSV og stöðugleiki í þeirra rekstrarumhverfi skiptir miklu máli.
- Aðalfundur SSV leggur áherslu á að hagsmunir sjávarútvegs- og landbúnaðar verði tryggðir í komandi aðildarviðræðum við Evrópusambandið.
- Auka þarf stuðning við þróunar- og nýsköpunarstarf innan sjávarútvegsins, t.d. í fiskeldi, kræklingarækt, sjávaltengdri ferðaþjónustu og nýjungum í matvælaframleiðslu.
- Tryggja þarf fjármagn til áframhaldandi reksturs Markaðsstofu Vesturlands.
- Tryggja þarf fjármagn til atvinnuþróunarfélaganna þannig að stoðkerfi atvinnulífsins veikist ekki frekar en orðið er. Mikilvægt er, í ljósi góðrar reynslu, að framhald verði á samstarfi ríkis og sveitarfélaga um rekstur á þessari starfsemi á sama grundvelli og hingað til. Aðalfundur SSV leggur mikla áherslu á að forræði atvinnuþróunarfélaga verði í höndum heimamanna.
- Tryggja þarf aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum, þ.á.m. með eflingu lánasviðs Byggðastofnunar eða sambærilegrar lána- stofnunar á vegum hins opinbera.
- Flutningskostnaður er íþyngjandi fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni og brýnt er að tillögur um jöfnun flutningskostnaðar nái fram að ganga. Endurskoða þarf skattlagningu á flutningskostnað.
- Standa þarf vörð um starfsstöðvar á vegum velferðarráðuneytis, sbr. heilbrigðisstofnanir, heilsugæslu, endurhæfingu, málefni fatlaðra, málefni aldraðra, o.fl. Aðalfundur SSV skorar á alþingismenn að standa vörð um velferðarmál Vestlendinga og ekki komi til frekari niðurskurðar.
- Alvarlegur skortur á læknum á Vesturlandi er mikið áhyggjuefni. Aðalfundur SSV skorar á heilbrigðisyfirvöld að endurskoða starfsumhverfi lækna á landsbyggðinni með það að leiðarljósi að gera það eftirsóknarvert fyrir lækna að setjast að og starfa



á Íslandi. Læknaskortur ógnar öryggi fólks og því mikilvægt að fundin verði lausn sem dugar til frambúðar.

- Aðalfundur SSV lýsir miklum áhyggjum af því að öryggi íbúa og lögreglumanna á Vesturlandi verði ógnað með frekari niðurskurði í löggæslumálum. Sparnaður hefur þegar veikt löggæsluna og lengra má ekki ganga enda eru stór svæði á Vesturlandi oft á tíðum án nærþjónustu lögreglunnar.
- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull býður upp á mikil tækifæri fyrir atvinnulíf og ferðaþjónustu á Vesturlandi. Aðalfundur SSV skorar á umhverfisráðherra að gera Þjóðgarðinn Snæfellsjökul að sjálfseignarstofnun, með áherslu á aukna aðkomu heimaaðila að stjórnun og uppbyggingu þjóðgarðsins í þeim tilgangi að nýta þau tækifæri sem þjóðgarðurinn gefur.
- Aðalfundur SSV samþykkir áskorun til ríkisstjórnar Íslands um að horft verði til landsbyggðarinnar, sér í lagi jaðarsvæða og atvinnuumhverfis þar, varðandi tilflutning verkefna hins opinbera. Í sívaxandi mæli bitnar flutningur verkefna og hagræðingaraðgerðir ríkisvaldsins á landsbyggðinni.
- Aðalfundur SSV skorar á stjórnvöld að framselja eftirlit með umhverfismálum, vinnuumhverfi og starfsleyfum fyrirtækja til sveitarfélaga. Jafnframt tekur fundurinn undir ítrekaðar beiðnir Heilbrigðiseftirlits Vesturland þar að lútandi.

Samgöngur, samfélagsgerð og nútímavæðing skattkerfis

Vinnusóknarsvæði hafa stækkað á síðustu árum. Um það er fjallað sérstaklega í drögum að byggðaáætlun og fá vinnusóknarsvæði og þjónustusókn talsverða umfjöllun í sóknar-áætlun.

Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða hefur ekki verið fylgt eftir með eflingu almennings-samgangna, fremur er treyst á einkabíl. Hækkun gjalda á rekstur bifreiða leggst því með fullum þunga á þá íbúa sem sækja atvinnu og þjónustu um langan veg. Aðalfundur SSV leggur áherslu á að lokið verði samningum við innanríkisráðuneyti um yfirfærslu almennings-samgangna til sveitarfélaganna. Tryggja þarf að fjárframlög ríkisins standi undir kostnaði með sama hætti og nú er.

Þar sem almennings-samgöngum verður ekki við komið skoði stjórnvöld að nútímavæða skattkerfi sitt hvað ferðakostnað varðar. Þeir sem ferðast um langan veg til sinna starfa, fái notið skattaafsláttar en dæmi eru um slíkar fyrirmyndir víða hjá nágrannaþjóðum okkar.

Raforkuverð og veitumál – Jöfnun búsetuskilyrða

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Borgarnesi dagana 30. september og 1. október 2011, skorar á iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að bregðast við þeirri gríðarlegu hækkun sem orðið hefur á rafmagni á síðustu árum og beita sér fyrir auknum jöfnuði raforkuverðs. Jöfnun orkuverðs og dreifingarkostnaðar raforku er eitt af grundvallaratriðum í jöfnun búsetuskilyrða. Hvatt er til að hraða boðaðri heildar-



endurskoðun raforkulaga. Aðalfundur SSV skorar á stjórnvöld að leiðrétta niðurgreiðslur í samræmi við verðlagsþróun en sá ójöfnuður sem nú ríkir er ólíðandi.

Framhald vinnu vegna samstarfs og sameiningar sveitarfélaga á Vesturlandi

Aðalfundur SSV, haldinn í Borgarnesi dagana 30. september og 1. október 2011, fagnar öllum þeim verkefnum sem stuðla að eflingu sveitarstjórnarstigsins. Aðalfundur SSV þakkar aðkomu Jöfnunarsjóðs að greiningarvinnu SSV á frekari tækifærum í samvinnu og sameiningum sveitarfélaga í landshlutanum.

Umhverfisevntun Vesturlands

Aðalfundur SSV haldinn í Borgarnesi dagana 30. september og 1. október 2011 mælir með því að áfram verði unnið að umhverfisevntun Vesturlands, t.d. undir merkjum Earth Check. Reynslan frá Snæfellsnesi sýnir að vottunin felur í sér ákveðin sóknarfæri fyrir ferðaþjónustu, sveitarfélög og útflutningsfyrirtæki.

Ályktun vegna aukaframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Aðalfundur SSV haldinn í Borgarnesi 30. september til 1. október 2011 mótmælir harðlega þeirri fyrirætlun fjármálaráðherra og innanríkisráðherra að taka 300 m.kr. af 700 m.kr. aukaframlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á þessu ári og verja þeim til eins sveitarfélags í fjárhagsvanda þrátt fyrir mótmæli af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Einungis 400 m.kr. munu þá verða til ráðstöfunar fyrir öll önnur sveitarfélög sem eiga í fjárhagsörðugleikum, sem er allt of lág fjárhæð m.v. þörf þeirra. Jafnframt tekur aðalfundur SSV undir þá stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga að festa a.m.k. 1.200 m.kr. á ári næstu 2 ár í aukaframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til aðstoðar sveitarfélögum sem eru í fjárþörf vegna erfiðra rekstrarskilyrða.

SAMGÖNGUMÁL

Aðalfundur SSV, haldinn í Borgarbyggð 30. sept. og 1. október 2011 leggur fram eftirfarandi ályktanir um samgöngumál:

Aðalfundur SSV leggur ríka áherslu á að þau verkefni sem komin voru inn á skammtíma og langtíma vegaáætlun verði þau verkefni sem sett verði í forgang þegar vegaáætlun verður endurskoðuð. Brýnt er að ljúka þeim verkefnum áður en farið verður í önnur, sbr. lög um samgönguáætlun nr. 33/2008.

Rammaáætlun um vegagerð

Aðalfundur SSV leggur áherslu á að unnin verði rammaáætlun fyrir vegagerð. Með áætlun sem unnin er til langs tíma skapast möguleikar á því að undirbúa vel þær framkvæmdir



sem t.d. þurfa að fara í umhverfismat. Rammaáætlun auðveldar allt skipulag veglína til framtíðar.

Stofnvegir – dreifbýl svæði – vegakerfið

Aðalfundur SSV minnr á mikilvægi þess að stofnvegur í landshlutanum verði byggður upp þannig að burðargeta veganna og öryggi vegfarenda verði fullnægjandi. Mikilvægt er að bæta tengingar innan landshlutans með tengingu Snæfellsnes og Dalabyggðar um Skógarströnd.

Tengivegir – dreifbýl svæði – vegakerfið

Aðalfundur SSV skorar á þingmenn að hafa í huga við gerð nýrrar vegaáætlunar, að á meðan fjármagn er ekki fyrir hendi í breikkun Vesturlandsvegur, þá verði því fjármagni sem sett er í nýframkvæmdir veitt í tengi- og héraðsvegi Vesturlands, sem eru flestir malarvegir í mismunandi ásigkomulagi. Svæðið er dreifbýlt og mikil þörf er á að endurgera vegi og auka við slitlag.

Um NV kjördæmi liggja um 39% (5000 km.) af heildarvegakerfi landsins. Þar af eru tengivegir 1300 km og af þeim liggja um 500 km um Vesturland. Til samanburðar má nefna að um Suðurland liggja um 28% vega landsins.

Fjármagn til viðhaldsverkefna

Aðalfundur SSV bendir á að fjármagn til viðhaldsverkefna í vegagerð er óviðunandi. Vegakerfi sem hefur verið byggt upp á síðustu árum þarfnast viðhalds og eru fjármunir til viðhaldsverkefna engan veginn í samræmi við þörfina. Smærri verkefni geta skilað meiru til byggðanna og atvinnulífsins.

Viðhald, vetrarþjónusta og umferðaröryggi

Aðalfundur SSV áréttar við stjórnvöld að huga að verkefnum sem tengjast vetrarþjónustu. Viðhald á vegakerfinu og vetrarþjónusta verður að vera fullnægjandi og má ekki koma niður á öryggi vegfarenda. Gera þarf úrbætur við hættuleg vegamót við stofnvegi á Vesturlandi.

Reiðvegir

Mikilvægt er að byggja upp og lagfæra reiðvegi á Vesturlandi í þágu íbúa, starfsmanna tanningabúa og ferðamanna. Hestamennska tengd ferðaþjónusta hefur aukist verulega á síðustu árum. Mikilvægt er að stýra umferð hestahópa betur m.a. með því að leggja reiðleiðir sem liggja fjarri vélknúinni umferð. Einnig er æskilegt að útbúa áningastaði betur úr garði en nú er gert, t.d. með góðu aðhaldi fyrir hestahópa.

Veggirðingar

Mikilvægt er að Vegagerðin girði búfjárheldar girðingar meðfram vegum landsins og viðhaldi verði sinnt vegna öryggis vegfarenda.



Breiðafjarðarferjan Baldur

Aðalfundur SSV leggur ríka áherslu á aukinn stuðning við rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Mikilvægt er með tilliti til ástands vega, fiskflutninga, ferðapjónustu á svæðinu og reksturs skólaútibús Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði að tryggja áframhaldandi rekstur ferjunnar allt árið.

Flugmálaáætlun

Samgöngunefnd SSV leggur áherslu á mikilvægi viðhalds á flugvöllum á Vesturlandi m.t.t. öryggis og þjálfunarflugs.

Fjarskiptamál

Aðalfundur SSV gerir kröfu um að tryggð verði aukin gæði nettenginga, sjónvars-og útvarpssendinga á Vesturlandi í samræmi við stefnumörkun fjarskiptaáætlunar og að farsímaþjónusta verði tryggð án undantekninga. Slakar nettengingar, lélegar sjónvarps-sendingar og ófullnægjandi GSM samband stendur víða í vegi fyrir uppbyggingu fyrirtækja, sérstaklega í ferðapjónustu og veikir þar með búsetu.

Á sumum svæðum þarf að endurskilgreina markaðssvæði fjarskiptafyrirtækja og auka þarf eftirlit með gæðum nettenginga.

Samantekt hefur verið unnin á vegum SSV – þróun og ráðgjöf, „Ástand fjarskipta á Vesturlandi“. Fjarskipti eru meðal áhersluatriða í Sóknaráætlun 20/20 og er um er að ræða samantekt sem beindi sjónum að ástandi fjarskipta á Vesturlandi – sérstaklega í hinum dreifðu byggðum.

Niðurstaðan sýnir að margt hafi áunnist síðustu ár en víða er langt í land með að nettengingar og önnur fjarskipti séu viðunandi. Margir staðir njóta ekki þeirrar lágmarks netþjónustu sem tilskilin er í Fjarskiptaáætlun og víða úti á landi hefur „markaðurinn“ reynst ófær um að veita þá þjónustu sem reiknað var með.

FJÁRHAGSNEFND

Sjá ársreikning (fylgiskjal 2)

Sjá fjárhagsáætlun (fylgiskjal 3)



STJÓRN OG NEFNDIR SSV (ÓBREYTT FRÁ FYRRA ÁRI)

Stjórn SSV

Aðalmenn

Björn Bjarki Þorsteinsson
Gunnar Sigurðsson
Hallfreður Vilhjálmsson
Kristjana Hermannsdóttir
Sigríður Bjarnadóttir
Sigurborg Kr. Hannesdóttir
Sveinn Kristinsson

Varamenn

Ragnar Frank Kristjánsson
Einar Brandsson
Halla Steinólfsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Jóhannes Stefánsson
Lárus Á. Hannesson
Einar Benediktsson

Formaður stjórnar: Sveinn Kristinsson.

Skoðunarmenn

Aðalmenn

Eiríkur Ólafsson
Laufey Jóhannsdóttir

Varamenn

Jón Pálmi Pálsson
Davíð Pétursson

Samgöngunefnd

Aðalmenn

Davíð Pétursson
Finnbogi Leifsson
Guðmundur Vésteinsson
Þórður Þórðarson
Kristinn Jónasson
Berglind Axelsdóttir
Ingveldur Guðmundsdóttir

Varamenn

Gretar D. Pálsson
Jóhannes Stefánsson
Guðmundur Páll Jónsson
Einar Brandsson
Kristján Þórðarson
Þórður Á. Magnússon
Ása Helgadóttir

Fulltrúi SSV í stjórn Ferðamálasamtaka Vesturlands

Aðalmenn

Arnheiður Hjörleifsdóttir

Varamenn

Hrefna B. Jónsdóttir

Markaðsstofa Vesturlands

Aðalmenn

Ólafur Sveinsson

Varamenn

Hrefna B. Jónsdóttir

Fulltrúi SSV í samvinnunefnd miðhálandis

Aðalmenn

Snorri Jóhannesson

Varamenn

Hrefna B. Jónsdóttir

Fjöliðjan

Aðalmenn

Guðrún Fjeldsted

Varamenn

Magnús Guðmundsson



FYLGISKJAL 2 - FJÁRHAGSÁÆTLUN SSV FYRIR ÁRIÐ 2012

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2012

Í þús kr.	Raun 2010	Áætlun 3022	Endurskoðuð áætlun 2011	Áætlun 2012
Rekstrartekjur				
Árgjöld sveitarfélaga	14.496	15.497	15.498	16.246
Framlag Jöfnunarsjóðs	17.562	17.000	18.400	18.400
Efling sveitarstjórnarstigsins	2.690		5.000	0
Framlag til atvinnuþróunar	19.540	17.800	18.123	18.123
Þjónustusamningar	5.664	5.664	5.938	6.000
Tekjur v/erlendra verkefna	5.943	5.500	2.858	3.000
Tekjur v/sérverkefna	5.611	5.100	3.856	6.000
Aðrar tekjur	360	1.500	895	1.000
Samtals tekjur	71.866	68.061	70.568	68.769
Rekstrargjöld				
Laun og tengd gjöld	47.696	45.670	47.428	48.084
Annar rekstrarkostnaður	22.913	22.263	24.733	21.000
Styrkir til sérverkefna	1.412	2.500	2.500	2.500
Framlög v/atvinnuþróunar	3.634	0	0	0
Afskriftir	921	900	921	900
Samtals gjöld	76.576	71.333	75.582	72.484
Fjármagnstekjur				
Vaxtatekjur	1.390	1.000	1.000	1.000
Rekstrarniðurstaða	-3.320	-2.272	-4.014	-2.715

Lagt er til að:

Sveitarfélög með færri en 2100 íbúa greiði fast árgjald	160.000
Sveitarfélög með fleiri en 200 íbúa greiði fast árgjald	320.000
Sveitarfélög greiði árgjald	880

Íbúafjöldi á Vesturlandi 1. desember 2010 15.371



FYLGISKJAL 3 - ÁRSREIKNINGUR SSV ÁRIÐ 2010

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi
Ársreikningur 2010

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin eru hagsmunasamtök sveitarfélaga á Vesturlandi stofnuð árið 1969. Markmið samtakanna varða atvinnu-, efnahags-, mennta- skipulags-, samgöngu-, og félagsmál. Einnig að stuðla að aukinni samvinnu sveitarfélaga á Vesturlandi og víðtækari þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur tap samtakanna á árinu 3,3 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2010 samkvæmt efnahagsreikningi nam 32,2 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi meðferð taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru tíu en þau eru, Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.


Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir árið 2010 er gefinn út hinn 14. mars 2011 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn samtakanna.


Borgarnesi, 14. mars 2011

Framkvæmdastjóri

Í stjórn samtakanna:


Sveinbjörninn
Sigruborg Kr. Haukesdóttir
Sigríður Guðbj. Þorradóttir
Krisjana Hermannsdóttir
Hallgríma Sigríður Steinolfsdóttir
Gunnur Sigrún
Björn Björki Þorbjörnsson

Framkvæmdastjóri:


Hrefna B. Jónsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna

Til stjórnar og aðila að samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi á árinu 2010, fjárhagsstöðu þeirra 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.


Borgarnesi, 14. mars 2011

KPMG hf.



Við undirritaðil, félagskjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2010 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Borgarnesi, 14. mars 2011



Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr.	Ársreikningur 2010	Fjárhagsáætlun 2010	Ársreikningur 2009
Rekstrartekjur:	2			
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	17	14.496.075	14.600.000	14.762.400
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		17.562.000	15.000.000	16.392.000
Framlag Byggðastofnna		15.939.880	15.000.000	16.928.822
Styrkir vegna sérverkefna	9	14.228.305	16.180.000	17.058.158
Tekjur atvinnuráðgjafar		9.279.787	8.600.000	8.163.743
Aðrar tekjur		360.000	2.500.000	3.260.000
		<u>71.866.047</u>	<u>71.880.000</u>	<u>76.565.123</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	7	47.695.733	40.900.000	39.252.227
Annar rekstrarkostnaður	8	22.912.713	21.000.000	22.320.551
Gjöld vegna sérverkefna	10	1.412.144	2.500.000	13.443.158
Framlög vegna atvinnuþróunar	11	3.634.031	10.000.000	2.500.000
Afskriftir	3,12	921.509	1.400.000	1.172.108
		<u>76.576.130</u>	<u>75.800.000</u>	<u>78.688.044</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)		(4.710.083)	(3.920.000)	(2.122.921)
Vaxtatekjur og arður		1.738.281	1.000.000	2.446.617
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur		(348.101)	0	(319.340)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals		<u>1.390.180</u>	<u>1.000.000</u>	<u>2.127.277</u>
(Tap) hagnaður ársins	16	<u>(3.319.903)</u>	<u>(2.920.000)</u>	<u>4.356</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Fasteign	12	12.408.042	12.814.863
Bifreiðar.....	12	733.153	1.222.133
Húsbúnaður	12	168.997	194.705
Eignarhlutir í félögum	13	2.500.000	2.500.000
Fastafjármunir alls	3,12	<u>15.810.192</u>	<u>16.731.701</u>
Óinnheimtar kröfur.....	4,14	1.470.334	2.632.931
Ýmsar skammtímakröfur.....		950.274	2.459.894
Handbært fé.....		25.720.800	23.398.189
Veltufjármunir alls		<u>28.141.408</u>	<u>28.491.014</u>
Eignir samtals		<u>43.951.600</u>	<u>45.222.715</u>
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	16	<u>32.222.919</u>	<u>35.542.822</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir		<u>11.728.681</u>	<u>9.679.893</u>
		<u>11.728.681</u>	<u>9.679.893</u>
Skuldir samtals		<u>11.728.681</u>	<u>9.679.893</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>43.951.600</u>	<u>45.222.715</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðastliðnu ári.

2. Innlausn tekna

Árgjald samtakanna er tekjufært á grundvelli samnings sveitarfélaga sem að samtökunum standa og byggir á fastagjaldi og gjaldi miðað við íbúafjölda. Styrkir og framlög eru færð til tekna við álagningu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfuréttur myndast.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign	50 ár
Bifreið	5 ár
Húsbúnaður	5 ár

4. Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur í árslok 2010 eru færðar niður um 139 þús. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótveikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

5. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2010 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

6. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 3,6 millj. kr. í árslok 2010 og er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

Sundurlíðanir

7. Laun og launatengd gjöld

	2010	2009
Laun atvinnuráðgjafa	33.496.791	19.929.268
Laun annarra starfsmanna	2.583.329	9.081.088
Laun stjórnar og nefnda	1.767.200	1.986.400
Reiknað áunnið orlof sbr. skýringu 6, breyting	63.250	1.114.251
Mótframlag í lífeyrissjóð	4.846.852	3.989.494
Tryggingagjald	4.063.578	2.409.709
Önnur launatengd gjöld	705.406	639.401
Slysatryggingar	169.327	102.616
	<u>47.695.733</u>	<u>39.252.227</u>

8. Annar rekstrarkostnaður:

Húsnæðiskostnaður:		
Rafmagn	95.782	83.266
Vátryggingar	94.868	103.906
Fasteignagjöld	336.192	400.245
Kostnaður við sameign	610.035	341.522
Viðhald húss og búnaðar	181.740	24.423
Hreinlætisvörur	15.029	7.161
Húsnæðiskostnaður alls	<u>1.333.646</u>	<u>960.523</u>
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:		
Bækur, blöð og tímarit	187.067	143.377
Pappír, prentun og ritföng	1.135.697	679.708
Smááhöld, tæki, skrifstofuvörur og tölvuforrit	746.446	1.361.733
Aðkeypt þjónusta	3.912.683	3.348.004
Sími og burðargjöld	1.448.433	896.374
Auglýsingar	313.900	190.217
Önnur framlög	273.475	356.975
Rekstur eigin bifreiða	1.355.265	1.259.199
Bifreiðastyrkir	4.283.524	3.609.988
Veggjald vegna Hvalfjarðarganga	83.100	63.020
Dagpeningar	3.398.731	2.628.010
Fundir, ráðstefnur og ferðakostnaður	3.237.022	3.127.429
Kaffistofa	418.064	393.168
Viðhald skrifstofuáhalda	58.125	5.236
Frumkvöðlaverðlaun	347.590	0
Framlög vegna vaxtarsamnings sbr. skýringu 18	0	3.000.000
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	(61.189)	73.053
Annar kostnaður	441.134	349.337
Endurgreiddur kostnaður	0	(124.800)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	<u>21.579.067</u>	<u>21.360.028</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>22.912.713</u>	<u>22.320.551</u>

Skýringar, frh.:

9. Styrkir vegna sérverkefna:

	2010	2009
Styrkur frá Jöfnunarsjóði vegna sameiningar sveitarfélaga á Vesturl.	2.690.655	0
Styrkur frá Byggðastofnun vegna atvinnumála í Borgarbyggð	800.000	0
Styrkur frá Byggðastofnun vegna búsetukönnunar á Vesturlandi	900.000	0
Styrkur frá Byggðastofnun vegna Hagvísu Vesturlands	1.900.000	1.300.000
Styrkur frá Byggðastofnun vegna verkefnisins Vesturland í Evrópu	0	750.000
Styrkur frá Byggðastofnun v/Sprotans, frumkvöðla- og tækniseturs	0	550.000
Styrkur frá Byggðastofnun vegna vegna veglína á Vesturlandi	0	350.000
Styrkur frá Byggðastofnun v/úttektar á áhrifum efnahagssamdráttar	0	1.250.000
Styrkur vegna Vaxtarsamnings Vesturlands	0	12.858.158
Styrkur vegna erlendra samstarfsverkefna	2.500.089	0
Styrkir vegna annarra verkefna	1.994.465	0
Styrkir vegna Evrópuverkefna og Matvælaklasa	3.443.096	0
	<u>14.228.305</u>	<u>17.058.158</u>

10. Gjöld vegna sérverkefna:

Rekstrargjöld vegna Vaxtarsamnings Vesturlands	475.248	12.858.158
Erlend samstarfsverkefni	2.194.944	0
Aðrir styrkir	0	585.000
Endurgreiddur kostnaður	(1.258.048)	0
	<u>1.412.144</u>	<u>13.443.158</u>

11. Framlög vegna atvinnuþróunar:

Rekstrarstyrkur til Vesturlandsstofu ehf. og UKV ehf.	3.634.031	2.500.000
	<u>3.634.031</u>	<u>2.500.000</u>

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Bifreiðar	Húsbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. 2010.....	20.341.051	4.886.625	1.053.934	26.281.610
Afskrifað áður	(7.526.188)	(3.664.492)	(859.229)	(12.049.909)
Bókfært verð 1.1.2010.....	12.814.863	1.222.133	194.705	14.231.701
Afskrifað á árinu	(406.821)	(488.980)	(25.708)	(921.509)
Bókfært verð 31.12.2010.....	12.408.042	733.153	168.997	13.310.192
Heildarverð 31.12.2010.....	20.341.051	4.886.625	1.053.934	26.281.610
Afskrifað samtals 31.12.2010.....	(7.933.009)	(4.153.472)	(884.937)	(12.971.418)
Bókfært verð 31.12.2010.....	12.408.042	733.153	168.997	13.310.192
Afskriftahlutföll.....	2%	20%	20%	

Húsnæði samtakanna að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi var tekið í notkun á árinu 1990. Samtökin eiga 13,22% eignarhlut í húsinu. Stærð húsnæðisins er 162 m², ásamt 24 m² í sameign. Fasteignamat húsnæðis og lóðar nam í árslok 2010 um 15,3 millj. kr. en brunabótamat um 37,1 millj. kr.

Skýringar, frh.:

13. Ahættufjármunir

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Spölur hf.	500.000	500.000
Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands ehf.	1.275.000	0
Vesturlandsstofa ehf.	2.000.000	2.000.000
Eignarhlutir í félögum í árslok	<u>3.775.000</u>	<u>2.500.000</u>

Hlutfé í Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands ehf. hefur verið afskrifað, enda hefur verið ákveðið að leggja félagið niður.

14. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	138.575
Niðurfærsla á árinu, lækkun	(61.189)
Niðurfærsla í árslok	<u>77.386</u>

15. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

Eignir þessar eru færðar í sérstaka eignarskrá sem er hluti af bókhaldsgögnum samtakanna.

16. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	35.542.822
Tap ársins.....	(3.319.903)
Eiginfjárreikningur í árslok	<u>32.222.919</u>

17. Önnur mál

Á árinu 2006 var undirritaður samningur, Vaxtarsamningur Vesturlands 2006 – 2009, á milli lðnaðarráðuneytis, samtakanna, nokkurra sveitarfélaga á Vesturlandi og fyrirtækja þeirra og nokkurra annarra aðila, með það megin markmið að efla Vesturland sem eftirsóttan valkost til búsetu, þannig að árið 2020 verði íbúatala svæðisins orðin um 18.700 manns. Samtökin og lðnaðarráðuneytið hafa gert með sér nýjan vaxtarsamning, sem gildir fyrir árin 2010 til 2013. Hann byggir á sömu markmiðum, en breyttum áherslum í ljósi aðstæðna.

Á fylgiskjali 1 í ársreikningnum eru sundurliðanir á árgjöldum til samtakanna.

Á fylgiskjali 2 er yfirlit um rekstur og stöðu lðnþróunarsjóðs á árinu 2009. Þar sem aðildarsveitarfélög SSV eru ekki öll aðilar að lðnþróunarsjóðnum, er hann ekki tekinn með í ársreikningi samtakanna.

18. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn Samstaka sveitarfélaga á vesturlandi auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar samtakanna. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Samtökin hafa átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti samtakanna við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.

Árgjöld 2010 til

Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Fastagjald 300.000 kr. x 7 sveitarfélög
Fastagjald 55.000 kr. x 3 sveitarfélög
Íbúagjald 795 kr. x 15.380 íbúar

	Íbúar	Kr.
Akraneskaupstaður.....	6.555	5.511.225
Hvalfjarðarsveit	626	797.670
Skorradalshreppur	61	103.495
Borgarbyggð	3.543	3.116.685
Eyja- og Miklaholtshreppur	139	165.505
Snæfellsbær	1.701	1.652.295
Grundarfjarðarbær	910	1.023.450
Helgafellssveit	59	105.880
Stykkishólmshreppur	1.090	1.166.550
Dalabyggð	696	853.320
	<hr/>	<hr/>
	15.380	14.496.075

Rekstraryfirlit ársins 2010

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur	62.401
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	(11.232)

Rekstrarniðurstaða ársins 51.169

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir:

Bankainnstæður 1.849.027

Eignir samtals 1.849.027

Eigið fé:

Flutt frá fyrra ári 1.797.858

Rekstrarniðurstaða ársins 51.169

Eigið fé samtals 1.849.027